Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholtinu

JÚLÍ 2015

7. tbl. 22. árg.

SPÍRAN
BORÐUM VEL
GARÐHEIMUM • STEKKJARBAKKA 6

Sveinsbakarí
Hólagarði og Arnarbakka

Tekist á um boltann gæti þessi mynd heitið en hún sýnir fótboltamenn úr ÍR í leik. ÍR-ingar stefna nú af einbeitingu að því að ná félaginu upp í fyrstu deild í knattspyrnunni. Rætt er við Arnar Þór Valsson þjálfara þeirra á bls. 8.

Driscolls
Jarðarber
899 kr.
800 g kassi
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Nýr netbanki sem er mótaður af viðskiptavinum sínum

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

Apótekið
–einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Grillum í sumar!

Kjötborð í algjörum sérflokki

Þín verslun
Seljabraut

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Landsprent ehf.
7. tbl. 22. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Um Markúsartorg

Á milli milli Borgarbókasafnsins Menningarhússins Gerðubergs og Hraunbergs er stórt torg sem hefur oft verið kallað Markúsartorg eftir Markúsi Erni Antonssyni því hann var borgarstjóri þegar það varð til. Torgið er illa nýtt en vel má nota það meira fyrir uppákomur og listsýningar nokkuð sem farið er að gera á torgum í biðstöðu í 101um og víðar.

Í næsta nágrenni er félagsmiðstöðin Miðberg, heilsugæslustöðin er í nánd og nú er búið að opna nýtt apótek í Hraunberginu þar sem fyrirhugað er að bjóða viðskiptavinum ýmsar nýjungar – ekki síst þeim sem vilja meiri heilsueflingu í líf sitt.

Á efri hæð Gerðubergs er Borgarbókasafnið og einnig sýningar- og fundasalir þangað sem margir eiga jafnan erindi. Gerðuberg er nú opið allt árið – bæði bókasafn, sýningar og annað menningarstarf auk félagsstarfsins. Og nú er komið nýtt kaffihús sem gengið er beint inn í af Markúsartorgi og tengir bókasafnið og sýningar- og fundasali. Kaffi 111 er eina raunverulega kaffihúsið í rúmlega 20 þúsund manna byggðarlagi. Kaffihús sem ætti að vera þéttsetið á hverjum degi. Hvort sem fólk vill gæða sér á léttum réttum í hádeginu, kaffi og meðlæti eða aðeins að lepja latte má gera það víðar en í 101um – af hverju ekki einnig í 111.

Full ástæða er til þess að benda Breiðholtsbúum á alla þá starfsemi sem er í kringum Markúsartorgið. Viðburðastjórar borgarinnar ættu að líta aðeins út fyrir 101 – líta á 111 og íhuga hvað mætti gera þar. Í Breiðholtinu býr listunnandi og menningar- og viðburðasinnað fólk ekki síður en annars staðar.

Fótboltabærinn Breiðholt

Fótboltinn blómstrar í Breiðholtinu þessa dagana. Fótboltadeild ÍR hefur verið á mikilli siglingu að undanförnu og fótboltamenn félagsins eru staðráðnir að koma því upp úr annarri deildinni á þessu leikári. Enn eru erfiðir leikir eftir en gera má ráð fyrir að ÍR-ingarnir geri allt sitt besta. Leiknir stefnir eðlilega að því að halda sæti sínu í úrvalsdeildinni þótt það kosti félagið mikla baráttu en liðsmenn litla félagsins með stóra hjartað eru ekki síður þekktir fyrir að gera sitt besta á vellinum. Arnar Þór Valsson þjálfari ÍR í fótbolta kveðst í viðtali hér í blaðinu vonast þeirrar stundar að ÍR og Leiknir takist á í úrvalsdeildinni í fótbolta. Þá yrði Breiðholtið sannkallaður fótboltabær.

Græna Breiðholt

Þegar Breiðholtið var í byggingu gengu þær hrakspá manna á milliað gróður myndi aldrei þrífast þar. Byggði lægi ofar sjávarmáli en svo, jarðvegurinn væri magur og snjóþyngsli fremur einkenna þessa fjallabyggð en gróðurnálar. Þegar litið er til baka er ljóst að þarna fór saman svartsýni og einnig ótti við nýja byggð sem væri utan hins eldri ramma Reykjavíkur. Fólk horfði á litla trjáþyrpingu við Alaska skammt ofan þess staðar sem ÍR hefur aðstöðu nú og talið að hverfið yrði alltaf grátt og ljótt. Þessar hrakspár urðu aldrei að veruleika og í dag er Breiðholtið og einkum Seljahverfið einn best gróni hluti Reykjavíkur. Íbúarnir mega vera stoltir af ræktunarstarfi sínu. Sjá myndir á bls. 12.

Níu hlutu styrki úr Heita pottinum í Breiðholti

Styrkþegar Heita pottsins ásamt Óskari Dýrmundi Ólafssyni hverfisstjóra.

Nýlega voru styrkir úr verkefnasjóðnum Heita pottinum afhentir við hátíðlega athöfn við Breiðholtslaug. Heiti Potturinn er styrktarsjóður fyrir ungmenni á aldrinum 16 til 25 ára og er markmið hans að styrkja frumkvæðisverkefni ungs fólks í Breiðholti. Alls bárust 16 umsóknir í styrktarsjóðinn en níu hlutu styrk að þessu sinni. Þórgnýr Thoroddsen, formaður ÍTR afhenti styrkina en þetta er þriðja árið sem úthlutun úr Heita pottinum fer fram.

Á meðal þeirra verkefna sem hlutu styrk eru jóðlsöngur á leikskólum hverfisins, listasýning sem sýnir fjölbreyttan arkitektúr Breiðholtsins og hljóðverk skapað með upptökum frá vel völdum stöðum í hverfinu. Hrefna Björg Gylfadóttir og Margrét Arnardóttir ætla að heimsækja alla leikskóla í Breiðholti og jóðla fyrir börn við undirleik harmonikku. Þórgnýr Thoroddsen kvaðst ánægður með fjölbreytni verkefnanna sem voru valin og sagði meðal annars að frumkvæðisverkefni af þessu tagi væru í eðli sínu ómetanleg og það er Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur sannur heiður að geta stutt við ungmennin í framkvæmd þeirra.

Fjölbreytt og listskapandi verkefni

Verkefni styrkt af Heita pottinum árið 2015 eru: Deildu – þrír skiptimarkaðir á fötum, afleggjurum og bókum í sumar. Styrkþegar: Sólveig Lára Gautadóttir og Emma Theodórsdóttir. Horfðu til himins – Viðburður í Ölduselslaug á Breiðholtshátíðinni, með flothettum, korkskúlptúrum, tónlist og listasýningu.

Styrkþegi: Selma Reynisdóttir. Byggingar í Breiðholtinu – listasýning sem sýnir fjölbreyttan arkítektúr Breiðholtsins. Styrkþegi: Björk Emilsdóttir. Hústónlist í Breiðholti – átta tónlistarviðburðir með tónlistarmönnum og plötusnúðum víðs vegar um Breiðholtið. Styrkþegar: Jón Reginbald Ívarsson, Áskell Harðarson og Ómar Egill Ragnarsson. Hljóðverk Breiðholtsins – Hljóðverk skapað með upptökum frá vel völdum stöðum í Breiðholti. Verkið verður gefið út á netinu og flutt á tónleikum í lok sumars. Styrkþegar: Þorvaldur Sigurbjörn Helgason og Rögnvaldur Konráð Helgason. Breiðholt - suðrænt og seiðandi – videóverk sem sýnir Breiðholtið á framandi hátt og verður sýnt í heimahúsi. Styrkþegar: Berglind Erna Tryggvadóttir og Sigrún Gyða Sveinsdóttir. Brettagarður í Jafnaseli – áframhaldandi viðhald, klæða veggi á grillsvæði, styrkja festingar á raili, mála og fleira. Styrkþegar: Sverrir Örn Sverrisson og Bjarni Þór Theodórsson. Jóðlað fyrir börn – kynningar á jóðli til leikskólabarna í Breiðholti ásamt harmoníkuleikara. Styrkþegar: Hrefna Björg Gylfadóttir og Margrét Arnardóttir og dansnámskeið fyrir börn og unglinga í Miðbergi þar sem frítt verðu inn. Styrkþegar: Uldarico Rafael De luna og Richmond Raagas Landayan.

Borgin vill sveigjanleika á milli skólastiga

Borgarstjóri hefur óskað eftir formlegum viðræðum við Illuga Gunnarsson, menntamálaráðherra um hugmyndir sem tengjast auknum sveigjanleika á milli skólastiga.

Í bréfi sem sent hefur verið til menntamálaráðherra kemur fram að viðræðurnar snúist um þrennt:

Í fyrsta lagi að kanna kosti þess og galla að flytja samræmd próf tíundu bekkja til vors í níunda bekk, og gefa þeim nemendum sem það kjósa val um að hefja fyrr nám í framhaldsskóla, að skilgreindum skilyrðum uppfylltum. Í öðru lagi að hleypt verði af stokkunum verkefni, í borginni í heild eða einstökum hverfum, þar sem nemendum á efstu árum grunnskóla verði gert enn þá auðveldara að ljúka skilgreindum áföngum fyrsta árs í framhaldsskólanámi samhliða námi í níunda og tíunda bekk. Og í þriðja lagi að efnt verði til viðræðna um rekstur Reykjavíkurborgar á einum eða fleiri framhaldsskólum í tilraunaskyni, til að auka samfellu í námi og vinna að ofangreindum áherslum. Markmið viðræðnanna er nálgast þessi viðfangsefni á nýjan hátt, með áherslu á val einstakra nemenda og aukinn sveigjanleika á öllum skólastigum, en ekki einungis styttingu náms í framhaldsskóla eða námslok við átján ára aldur, sem getur þó átt vel við í mörgum tilvikum.

Nýtt einkarekið apótek!

· Gott verð og persónuleg þjónusta
· Opið frá 8:30-18 alla virka daga
· Afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja
· Fríar heimsendingar!

20% afsláttur*

Afslátturinn gildir fyrir allar pakkningar og styrkleika af Nicotinell Fruit.
* Gildir 16. júlí - 31. júlí.

Hraunbergsapótek
Heilbrigð skynsemi

Hraunbergi 4, 111 Reykjavík á móti Gerðubergi • Sími 530 9500

VIÐTALIÐ

Ég er löngu orðin Íslendingur

Kathleen Anna Guðmundsson spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni. Hún er fædd og uppalin í West Ham í London en fluttist hingað til lands um þrítug með íslenskum eiginmanni sem hún kynntist í óvæntri Íslandsför í skammdeginu nokkrum árum áður. Hún hefur búið og starfað hér á landi síðan á áttunda áratugnum – lengst af í Breiðholtinu. Hún segir Efra Breiðholt hafa verið Lundúnastúlkunni nokkuð framandi þegar hún fluttist þangað en umhverfið hafi vanist vel. Hún segir einnig nauðsynlegt fyrir fólk sem flytur hingað til lands að læra íslensku. Með því móti komist það fljótt inn í samfélagið. Vandinn sé ef til vill sá að margir Íslendingar tali ágæta ensku og grípi gjarnan til hennar þegar fólk af öðru þjóðerni á í hlut. Kathleen hætti að vinna þegar hún varð 65 ára og tekur nú meðal annars þátt í félagsstarfinu í Gerðubergi þar sem hún leiðbeinir við steinamálun.

Kathleen Anna. Myndin var tekin á sýningu á vegum félagsstarfsins í Gerðubergi á liðnu voru. Að baki hennar má sjá nokkrar dýramyndir sem hún hefur málað og voru hluti af sýningunni. Kathleen Anna fæst þó einkum við steinamálun og leiðbeinir við hana í félagsstarfinu.

„Ég er fædd og alin upp í West Ham í London rétt við Thamesá. Þegar ég var komin yfir tvítugt sá ég auglýsingu frá íslensku flugfélagi í blaði þar sem auglýst var eftir fólki til ritarastarfa. Ég vissi ekkert um Ísland á þeim tíma en einhver ævintýraþrá varð til þess að ég fór og spurðist fyrir um starfið. Mér fannst þetta hljóma eins og um Grænland væri að ræða og velti fyrir mér hvort fólk væri á sleða í vinnuna á Íslandi. Ég var ekki einu sinni viss um hvort Ísland væri í Evrópu! Ég var boðuð í viðtal í London og var valin til þess að fara til Íslands til frekara viðtals. Þetta var um hávetur 1972 og ég var heilan dag á leiðinni frá London til Keflavíkur. Brottförinni seinkaði í byrjun og svo urðum við að millilenda í Prestwick í Skotlandi sem ég man ekki út af hverju var. Trúlega hefur það verið vegna veðurs á Keflavíkurflugvelli og flugmennirnir þurft að bíða eftir að það lagaðist svo vélin gæti lent. Þetta var í desember og við ókum til Reykjavíkur í svarta myrkri og snjó. Mér leist satt að segja ekkert á þetta. Ég hitti yfirmenn hjá félaginu og svo fór að mér var boðið starf. Áhuginn á Íslandi var þó ekki meiri en svo við þessi stuttu kynni að ég hafnaði starfinu og ákvað að fara út aftur. Það fór þó ekki svo að þessi ferð hafi ekki haft áhrif á líf mitt til frambúðar því á leiðinni til Íslands átti ég tal við ungan mann – mann sem síðar varð maðurinn minn. Í þessari dagsferð fékk ég ágætan tíma til þess að kynnast honum. Hann bjó í London og þegar hann kom út aftur hafði hann samband við mig. Við fórum svo að hittast svona eins og gengur og þessi kynni okkar í flugferðinni til Íslands enduðu með því að við giftum okkur. Ég hef því stundum sagt að ég hafi farið til Íslands til þess að fá vinnu en fengið eiginmann í staðinn því hefði ég ekki verið um borð í vélinni hefðum við trúlega aldrei hist.“

Kveið ekki fyrir að flytja

Kathleen segir nokkur ár hafa liðið frá því þau hittust í fluginu til Íslands þangað til þau ákváðu að flytjast hingað. „Við vorum búin að vera gift í fimm ár og ég var búin að koma hingað tvisvar með honum. Við komum að sumarlagi og fórum í tjaldferð til að skoða okkur um og sjá landið. Þá upplifði ég það með allt öðrum hætti en þegar ég kom í snjókomunni í desember. Ísland var ævintýralegt.“ Kathleen kveðst ekki hafa kviðið því að flytja til Íslands. „Nei – ég fann ekki fyrir kvíða. Manninn minn langaði að flytja heim og ég setti það alls ekkert fyrir mig þótt mér hafi ekki litist alveg nógu vel á landið þegar ég fór í desemberferðina til þess að sækja um vinnu sem ég hafði séð auglýsta í bresku blaði. Nei - við fluttum ekki strax í Breiðholtið. Við fluttum fyrst inn til fjölskyldu hans sem bjó í Vesturbænum, við bjuggum við Grettisgötu um tíma og á Hagamel en fluttum síðan í Æsufellið.“

Fundum góða íbúð á góðu verði

En hvað kom til að þið völduð Breiðholtið. „Það var einkum íbúðaverðið. Við vorum ekki með fé til þess að kaupa stóra íbúð en vorum búin að leita talsvert fyrir okkur. Svo dettum við ofan á góða 95 fermetra íbúð við Æsufellið á nokkuð góðu verði að okkur fannst og ákváðum að festa kaup á henni. Ég er uppalin í stórborg og fannst þetta nokkuð langt frá miðborginni og ólíkt því umhverfi sem ég var vön og þekkti frá London. En ég vandist því fljótlega og við bjuggum í 12 ár í Æsufellinu.“ Kathleen segir að á þessum tíma hafi verið lítill miðbær í Fellunum. „Þarna voru verslanir og maður þurfti ekkert að fara. KRON var þá við Eddufellið – frábær verslun að mér fannst og ég fór yfirleitt ekki lengra til þess að kaupa í matinn. Þegar við komum í Breiðholtið voru engir stórmarkaðir nema Hagkaup í Skeifunni. Úrvalið var kannski ekkert allt of mikið og matarmenning Íslendinga svolítið önnur en Breta. Ekki orðin eins alþjóðleg og hún er í dag. En þetta umhverfi var virkilega vel hannað af hálfu þeirra sem skipulögðu hverfið þótt þróunin yrði síðan með öðrum hætti og verslunarstarfsemin smám saman farið burt. Eitt sem mér finnst mjög nauðsynlegt er að hafa heilsugæslu sem næst fólkinu. Ég man þegar sonur okkar veiktist í Æsufellinu hvað það var dýrmætt að hafa heilsugæsluna í nágrenninu. Ég var áhyggjufull þegar til stóð að flytja heilsugæsluna burt úr Efra Breiðholti á sínum tíma en sem betur fer varð ekki af því og íbúarnir hafa sína heilsugæslu enn.“

Strákarnir vildu ekki fara

„Við höfðum eignast tvo drengi sem eru aldnir upp í Breiðholtinu og kunnu vel við sig. Stór garður var á bakvið húsið í Æsufellinu og þangað gátu krakkarnir farið og leikið sér. Fellaskólinn var beint á móti og tveir leikskólar voru í nágrenninu. Þegar við ákváðum að skipta um húsnæði langaði okkur til þess að flytja í annað hverfi. En strákunum varð ekki þokað. Þeir hreinlega neituðu að fara úr Breiðholtinu. Þeir höfðu alist þar upp. Gengið í skóla og áttu sína vini og kunningja í hverfinu. Leitin að nýju húsnæði endað því skammt frá. Við festum kaup á raðhúsi við Torfufellið þar sem við höfum verið síðan.

Fann að ég varð að læra íslensku

„Ég fór fljótt að vinna,“ heldur Kathleen áfram. “Reyndar ekki hjá flugfélagi þótt ég hafi átt þess kost þegar ég kom hingað í fyrsta sinn í desember ferðinni. Ég fór að vinna hjá Almennum tryggingum. Var þar í níu ár. Það var yndislegt fyrirtæki og afskaplega gott að vera þar. Ég kunni vel við mig.“ Kathleen talar nær óaðfinnanlega íslensku – betri en margir sem hafa búið lengi hér á landi. Hvernig gekk henni að eiga við nýtt tungumál. „Við hjónin töluðum saman ensku til að byrja með og ég talaði mest við hann fyrst eftir að við komum. Ég hélt í fyrstu að við myndum alltaf tala saman á ensku en sá fljótt að ég yrði að læra íslenskuna ef ég ætlaði að samlagast umhverfinu sem ég var komin til að búa í. Ég fór meðal annars í FB til þess að læra íslensku og hún kom smá saman. Eftir þrjú ár vorum við hjónin hætt að tala saman ensku á heimilinu. Og höfum haldið okkur við íslenskuna síðan. Þegar ég kom hingað til lands var mun færra fólk af erlendum uppruna hér á landi en nú og færri Íslendingar töluðu ensku en síðar varð. Fólk talaði þó ensku við mig til þess að byrja með en eftir ákveðin tíma þegar ég var farin að ná tökum á tungumálinu hættu flestir því.“ Kathleen segist hafa verið komin um þrítugt þegar hún flutti til Íslands og því farin af besta aldrinum til þess að læra tungumál. „Ég fann að ef ég lærði ekki málið þá yrði ég alltaf útlendingur og mér fannst ömurlegt að hugsa til þess. Við vorum stundum boðin út og fólk var að tala saman. Í fyrstu skildi ég ekki mikið og fólk talaði ekki mikið við mig en svo breyttist það. Íslenskan er erfitt tungumál en það kom smátt og smátt. Ég held að það sem hjálpaði mér mest er hversu lík samfélögin eru. Mér finnst ég hafa samlagast vel og bestu vinkonur mínar eru íslenskar konur. Mér var tekið mjög vel hér á landi þegar ég kom hingað fyrst þrátt fyrir að vera mállaus á íslensku. Fólk hefur verið hjálpsamt og vingjarnlegt frá byrjun, þótt alltaf geti verið erfitt að yfirgefa landið sitt og byrja að lifa annarsstaðar. Ég hef líka alltaf unnið úti en ákvað þegar ég var 65 ára að nóg var komið. Ég yrði að fara að gera eitthvað fyrir sjálfa mig. Þá var ég búin að vera á vinnumarkaði frá 16 ára aldri.“

Leiðbeinir við steinamálun

Kathleen hefur gaman af því að mála og hefur einkum fengist við steinamálun. „Já – ég hef verið að leiðbeina við steinamálun í félagsstarfinu í Gerðubergi og það er mjög gaman að umgangast fólkið þar. Það kemur með áhugamálin sín og vinnur að þeim. En af því við vorum að tala um að ég hefði gaman af að mála þá hef ég líka málað dýramyndir. Þetta hefur verið tómstundaiðja hjá mér í gegnum árin. Nei – það hefur aldrei hvarflað að mér eða okkur að flytja aftur til Bretlands. Við höfum haft það gott hér og eftir að við keyptum raðhúsið í Torfufellinu erum við næstum því eins og í sumarbústað, svona rólegt er það. Allt hefur farið á besta veg og ég er löngu orðin Íslendingur – kannski ekki alveg ekta en samt Íslendingur.“

GOTTÁ GRILLIÐ

LAMBA

LÆRISSNEIÐAR

Bragð: Mild paprika, chili og hvítlaukur
Grilltími: 4-5 mínútur á hvorri hlið
Tillaga að meðlæti: Ferskt salat, bökuð kartafla og piparsósa

Verði ykkur að góðu!

GOÐI

-alltaf góður

Ein myndanna á sýningunni. Vitinn er tákn ljóssins en þarna ber hann við himinn bjartan af sólarljósi.

Athyglisverð sýning um ljósið

Sýningin LITKU stendur nú yfir í Gerðubergi. Á sýningunni eru fjölbreytt myndverk eftir þrjátíu og þrjá listamenn. Sýningin er haldin í tilefni af alþjóðlegu ári ljóssins 2015 er þema hennar ljósið. Túlkun félagsmanna er margbreytileg enda er viðfangsefnið óþrjótandi uppspretta myndefnis svo sem birtingarmyndir ljóssins í náttúrunni og landslaginu og samspili ljóss og skugga. Flest verkin eru unnin í olíu eða akrýl á striga en einnig vatnsliti og með blandaðri tækni.

Þátttakendur í sýningunni hafa ólíkan bakgrunn og eru á öllum aldri, sumir hafa málað frá unga aldri á meðan aðrir byrjuðu seint að mála. Einhverjir mála sér til ánægju í frístundum á meðan aðrir starfa sem listmálarar. Samsetning sýnenda gerir sýningar LITKU einkar áhugaverðar en sýningarstjóri að þessu sinni er Daníel Björnsson. Litka myndlistarfélag var stofnað árið 2009 og eru félagar þess yfir hundrað og fimmtíu. Tilgangur félagsins er að stuðla að samvinnu myndlistarfólks og vinna að hagsmunum félagsmanna til að mynda með því að halda sýningar, standa fyrir fyrirlestrum, námskeiðum og kynningum. Sýningin stendur til 27. september og er opin kl. 8 til 18 virka daga í sumar.

Lísa og undur engilsins í Gerðubergi

Lísa og undur engisins nefnist sýning klippimynda og ljósmynda sem stendur yfir í Kaffi 111 – Kaffihúsinu í Gerðubergi. Þetta er fyrsta sýningi sem litháísku hjónin Juventa og Paulius halda saman. Juventa er úrklippumeistari og Paulius er fornleifafræðingur og ljósmyndari Sýningin „Lísa og undur engisins“ er innsýn inn í heim engisins – þegar plöntur og grasið fyllist töfrum og er um litla stelpu frá stórborg og kanínuna hennar.

Dag einn uppgötvar litla stelpan undur engisins Hún gengur berfætt í grasinu, finnur lykt af blómunum, gleymir sér í dansi við lag vindsins og kynnist lítilli kanínu sem býr á ævintýraenginu og hlustar á sögur hennar. Mun litla stelpan finna kraftaverk milli himins og jarðar? Mun hún skilja það sem hún fann? Mun hún njóta þess að hlaupa í gegnum blómstrandi engi, dansa í rigningunni og flétta galdra í jurtakrans?

Juventa með skæri í hendi.

Úrklippumeistari og blaðamaður – fornleifafræðingur og ljósmyndari

Úrklippumeistarinn Juventa frá Litháen byrjaði að klippa mjög ung. Hún ólst upp í litlum bæ umkringd víðáttu. Hún klippti út úr pappír ævintýrasögur, fiðrildi, sniglahús og fleira. Fyrsta pappírsdúkkusýning hennar var sýnd þegar Juventa var einungis tólf ára. Juventa gekk í Háskóla í Vilnius, þar sem hún lærði sögu, mannfræði og heimspeki. Einnig hafði hún mikinn áhuga á fornri menningu, myndlist og goðafræði. Í 15 ár vann Juventa sem blaðamaður og úrklippur gerði hún í frítíma sínum. Frá árinu 2010 hafa úrklippur verið stór partur af lífi Juventu. Verk Juventu hafa verið sýnd víða, m.a í einkasöfnum í Belgíu, Englandi, Svíþjóð, Noregi, Þýskalandi og Egyptalandi.

Paulius er fornleifafræðingur og bókahönnuður. Hann er fimmta kynslóð ljósmyndara í sinni fjölskyldu og hefur tekið myndir frá fimm ára aldri. Afi Paulius var loftljósmyndari í fyrri heimsstyrjöldinni. Paulius er ávallt með myndavél á sér einnig þegar hann sefur því hann veit aldrei hvenær honum dettur í hug að taka upp myndavélina og mynda fullt tungl. Bestu módelin segir hann vera vindinn, snekkjur og börnin sín, sem eru vön að vera fyrir framan linsuna. Sýningin stendur til 31. ágúst.

www.breiðholt.is

Fimir fingur

... handverk og myndlist í Boganum í Gerðubergi

Systkinin Fanney, Óskar Henning og Sigurður Helgi Valgarðsbörn eru hagleiksfólk gædd miklum listrænum hæfileikum. Þau sýna fjölbreytta listmuni í Boganum í Gerðubergi í sumar.

Þar má nefna kríur unnar úr þorskbeinum, ýmis verk unnin úr kopar svo sem smágerða rokka, kertastjaka og laufabrauðsjárn. Einnig eru á sýningunni silfurskartgripir og tréútskurður ásamt myndverkum unnin í akrýl og vatnslit. Verk systkinanna einkennast af vönduðu handbragði, unnin af miklum hagleik og einstakri natni og næmni fyrir efniviðnum. Allt bókstaflega leikur í höndum þeirra. Sýningin stendur til 27. september og er opin kl. 8 til 18 virka daga.

Kría tálguð úr þorskbeini situr á fjörusteini.

ÚTSALAN
í fullum gangi
Úrval af kvenfatnaði á frábæru verði
Einnig nýjar vörur frá CULT
Verið velkomnar
Fröken Júlía
Mjódd - S. 557 5900

Breiðholtsblaðið
Auglýsingasími:
511 1188 & 895 8298
www.borgarblod.is

Endurbygging í Fellunum

... nýtt hús byggt á gömlum grunni

Lokið er við endurbætur og nýbyggingu á húsi í Fellunum í Efra Breiðholti. Breytingin á húsinu byggist á deiliskipulagi frá 2005. Samkvæmt því mátti byggja tvær hæðir ofan á verslunarhús með 19 íbúðum og stæðum fyrir 13 bíla. Á þessu ári fékkst samþykkt breytt deiliskipulag og fjölgun íbúða í 24 og bílastæði sem áður voru undir húsinu voru færð út fyrir bygginguna.

Hverfaskipulag Breiðholtsins gekk í upphafi út á að koma verslun og þjónustu fyrir inni við miðju hverfanna og raða íbúðahúsinum umhverfis. Allt átti að vera í göngufæri og við hendina. Byggðin var þéttust næst þjónustunni og skólunum svipað og hefur tíðkast í borgum og bæjum um aldir. Eftir að verslunarhættir breyttust með tilkomu stærri markaðsverslana utan íbúðabyggða og almennri bifreiðaeign fluttist verslun og þjónusta að miklu leyti úr íbúðahverfunum inn á iðnaðar- og hafnarsvæði. Við það losnaði húsnæði á góðum stöðum víðs vegar í borgarlandslaginu – einnig í Breiðholtinu en nú er farið að huga að endurbyggingu. Hin stækkaða og endurbyggða bygging í Fellunum er steypt, neðsti hlutinn klæddur með steinsteyptum plötum. Timburklæðning er grófhefluð fura lituð ljós. Húsið setur nú sterkan svip á umhverfi sem áður bar einkum keim niðurníðslu.

Eins og sjá má setur hið nýbyggða hús sterkan svip á umhverfið.

Húsið eins og það var fyrir endurbygginguna.
Myndir: Heimasíða GP arkitekta en þeir önnuðust skipulag og teikningu hússins.

Vistunin myndi kosta 5,8 milljarða

Leikskólinn Hólaborg í Breiðholti.

Vistun eins árs barna í Reykjavík í leikskóla myndi kosta 5,8 milljarða á ári. Þetta kemur fram í nýlega útkominni skýrslu starfshóps til borgarráðs Reykjavíkurborgar sem nefnist „Að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla“. Þar er áætlað að útgjöld Reykjavíkurborgar aukist um allt að 5,8 milljarða króna á ári ef ársgömul gömul börn fá vistun í leikskóla. Ef börn sem uppfylla 12 mánaða aldursmörk yrðu aðeins tekin inn 1. janúar og 1. júlí er áætlað að árleg útgjöld aukist um 3,9 milljarða króna á ári. Ef einungis 86% myndu nýta sér boð um vistun í leikskóla myndu árleg útgjöld aukast um nærri 3,5 milljarða króna á ári.

Til að brúa þetta bil nú verða mörg börn að fara til dagforeldra þegar foreldrar þeirra hafa lokið sex til níu mánaða fæðingarorlofi. Að koma börnum til dagforeldra er bæði kostnaðarsamt og oft ekki auðvelt þar sem eftirspurn er mun meira en framboð á þjónustu þeirra. Staða margra foreldra ungbarna er því alls ekki örugg og í mörgum tilfellum algerlega óviðunandi en talið er að allt að 1.450 börn myndu hefja leikskólagöngu við lok fæðingarorlofs foreldra væri það í boði.

Fæðingarorlof í 12 mánuði

Samstaða ríkir hjá Reykjavíkurborg um að koma börnum fyrr í leikskóla og einnig að vinna að endurskoðun á kerfi dagforeldra. Þetta strandar þó á tímalengd fæðingarorlofs og telja borgaryfirvöld að lengja þurfi fæðingarorlofið í 12 mánuði til þess að koma til móts við þarfir ungbarnaforeldra. Í hinni nýútkomnu skýrslu kemur fram kostnaður við aukna og er það mat skýrsluhöfunda að þjónustan verði ekki aukin nema í áföngum eða með hækkun þjónustugjalda. Því liggja engar ákvarðanir fyrir hjá borginni þrátt fyrir samstöðu í þessu máli. Stærð verkefnisins er af þeirri stærðargráðu að það verður vart unnið af borginni einni saman heldur verður ríkisvaldið einnig að koma til. Leikskólakerfi borgarinnar rúmar um sex þúsund börn í dag en stærð hvers árgangs leikskólabarna í borginni er um að 1.700 börn að meðaltali. Þá er miðað við að foreldrar 86% barna muni nýta sér pláss í leikskólum við tólf mánaða aldur.

Matur og vín:

Í sumar grillum við! Grillréttirnir frá Hafinu eru frábærir á grillið og fátt ljúfara en góðar stundir á sólpallinum með góðan fiskrétt á grillinu og njóta þess að sötra rétta hvítvínið með matnum eða bara eitt og sér.
Hafið fiskverslun er sérverslun með hágæða fiskafurðir og meðlæti fyrir kröfuharða neytendur.
Fiskborðin eru þéttsetin af landsins mesta úrvali af tilbúnum fiskréttum til að ofnbaka, steikja eða grilla sem gerir viðskiptavinum kleift að elda dýrindis máltíð á nokkrum mínutum án nokkurar fyrirhafnar.
Grillréttur mánaðarins er frá Fiskbúðinni Hafinu, sem er staðsett á tveimur stöðum Hlíðasmára 8, Kópavogi og Spönginni 13, Rvk.

HAFIÐ FISKVERSLUN

Grillspjót Hafsins
Þrjár tegundir af ferskasta fisk dagsins marineraður á þrjá mismunandi vegu og svo þræddar uppá grillspjót er ómissandi á grillið

Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

Piccini Memoro
- Ítalía - 1.980 kr.
Strágult.
Meðalfylling, þurrt, fersk sýra.
Ljós ávöxtur, pera, eik, hunang.

Tarapaca Reserva Chardonnay
- Chile - 1.950 kr.
Ljóssítrónugult.
Meðalfylling, óscætt, fersk sýra.
Sítrus, smjörtónar, eik

Félagsandinn er mikilvægur

Meistaraflokkur ÍR í fótbolta er núna á toppi annarrar deildar og hefur ekki tapað leik það sem af er sumri. Frá því að Arnar Þór Valsson tók við þjálfun liðsins fyrir þremur árum hefur hann verið að byggja það upp. Skömmu eftir að hann tók við þjálfuninni urðu miklar breytingar á leikmannahópnum. Alls hættu 19 fyrrum leikmenn og aðrir komu í staðinn. Arnar Þór er nú á þriðja árinu að þjálfa og hefur einkum byggt liðið upp á heimamönnum sem hafa alist upp með ÍR í Breiðholtinu.

Arnar Þór neitar því að fótboltinn sé hornreka innan ÍR þótt félagið sé einnig þekkt fyrir handbolta og síðast en ekki síst sem eitt helsta frjálsíþróttafélag landsins. „Við leggjum mikla áherslu á allar íþróttagreinar og engin á að vera hornreka. Vandi okkar er fyrst og fremst sá hversu starfsaðstaða okkar er skipt. Frjálsu íþróttirnar eru í Laugardalnum, handboltinn í Austurbergi og karfan í íþróttahúsi Seljaskóla. Við erum þó ekkert að setja þetta fyrir okkur. Við vorum í úrvalsdeildinni í fótboltanum árið 1997 þegar ÍR varð eitt hundrað ára. Vorum þar eitt tímabil en féllum svo niður í fyrstu deild á einu stigi árið eftir að mig minnir."

Byrjaði að keppa með sjötta flokki

Arnar Þór fór snemma að fást við boltann. „Ég er alinn upp í Bökkunum og sparkvöllurinn var við hliðina á Breiðholtskjöri. Þar ólst maður upp. Var öllum stundum úti á velli og ef maður varð svo óheppinn að sparka fram hjá þurfti að ná í boltann niður í Mjódd sem engin vildi þurfa að gera. Því var því ágætis pressa á okkur að hitta í markið til þess að þurfa ekki að sækja boltann í Mjóddina." Arnar Þór fór snemma að keppa með ÍR og hefur ætíð haldið sig við sitt gamla félag. „Ég byrjaði að keppa þegar ég var sex til sjö ára með sjötta flokki og færði mig svo áfram upp á við. Ég byrjaði að keppa með meistaraflokki á eldra ári í þriðja flokknum og spilaði fyrsta leikinn þar 15 ára gamall."

Hvarflaði aldrei að mér að skipta um félag

Fjölskylda Arnars Þórs flutti sig um set þegar hann var 10 ára gamall – fór úr bökkunum og fluttist í Fellahverfið og Arnar fór í Fellaskóla. „Þegar ég kom þangað fór ég á skólabekk með strákum sem voru í Leikni – félaginu í Fellunum. Margir þeirra urðu ágætis kunningjar mínir en það hvarflaði aldrei að mér að skipta um félag. Að fara að æfa og spila með Leikni kom ekki til greina í mínum huga. Böndin við ÍR voru sterk. Faðir minn Valur Sigurðsson var kominn í stjórn fótboltadeildarinnar hjá ÍR því alltaf var mikið leitað til feðranna eða heim til fjölskyldnanna eftir aðstoð við boltann. Þetta hefur alltaf byggst á mikilli samstöðu fjölskyldnanna sem halda vel utan um strákana."

Kunningjar á daginn en mótspilarar á kvöldin

Talið berst að Breiðholtinu – hvernig það hafi breyst í tímans rás. „Bakkarnir voru fullbyggðir þegar ég var að alast upp. Mér fannst rosalega gott að búa þar. Í bökkunum var allt við höndina. Breiðholtsskóli, fótboltavöllurinn og Breiðholtskjör. Og svo var lítil geymsla þarna þar sem við geymdum fótboltana og stundum kölluð grenið ef ég man rétt. Maður var eina mínútu að labba í skólann því við bjuggum við þann bakkann sem næstur var skólanum og miðbakkakjarnanum. Þetta gat ekki verið betra." Arnar Þór segir nokkur viðbrigði hafa verið fyrir sig að flytja í Fellin. „Fyrsta sumarið efra hjólaði ég niður í Bakka og hitta félagana strax á morgnana og svo var ég þar með þeim allan daginn. Um haustið byrjaði ég í Fellaskóla og fór þá að kynnast krökkum í efra hverfinu. Ég eignaðist líka kunningja þar – stráka sem voru í Leikni en það skyggði ekkert á þótt ég væri fastur fyrir sem ÍR-ingur. Stundum gat verið svolítið sérstakt að hitta þá sem kunningja á daginn en spila svo á móti þeim í fótboltanum þegar liðin áttust við. Ég á því rætur bæði í því neðra og því efra ef má nota þá líkingu. Ef til vill er það vegna þessara tengsla úr uppeldinu sem ég varð aldrei litaður af hverfismennsku. Að vera úr Fellunum og þola ekki Bakkastráka eða öflugt. Að vera ÍR-ingur og þola ekki Leiknismenn er eitthvað sem ég hef aldrei aldrei þurft að fást við en ég hef fundið og veit að þetta plagar suma eitthvað þótt það eldist nú oftast af fólki."

Skemmtilegustu leikirnir á móti Leikni

Arnar Þór kveðst stundum hafa heyrt rætt um hvort rétt væri að sameina ÍR og Leikni. „Ég hef ekki sett mig inn í þá umræðu til fulls en veit að rekstrarumhverfið getur verið með þeim hætti að það kalli á sameiningu – á eitt félag í öllu hverfinu. Ég er ekki viss um að það væri rétt. Ef sameining ÍR og Leiknis yrði að veruleika myndi Leiknisnafnið trúlega hverfa. Alla vega með tímanum þótt félagið yrði látið heita ÍR-Leiknir. ÍR er svo gróið heiti og starfar líka á mörgum sviðum á meðan Leiknismenn einbeita sér einkum að fótboltanum. Hvað sem um rekstrarumhverfið má segja þá held ég að það væri ekki gott fyrir íþróttirnar einkum fótboltann að stefna á eitt félag. Ég get alveg fullyrt að fyrir mína parta eru skemmtilegustu fótboltaleikirnir sem ÍR spilar alltaf á móti Leikni. Ég upplifi þetta svona enn þann dag í dag þótt enginn af mínum gömlu félögum sé enn að spila með Leikni. Ég held að vera með tvö félög í hverfinu efli bara íþrótta- og keppnisandann. Og ef við snúum okkur að ÍR þá hef ég fulla trú á að við náum að komast aftur upp í fyrstu deildina og ef og þegar við mætum Leikni í úrvalsdeildinni verður Breiðholtið komið á toppinn í fótboltanum. Ég set málin alltaf upp þannig að ef andstæðingurinn er góður verður maður sjálfur að vera betri. Það er engin önnur lausn fyrir hendi."

Arnar Þór Valsson þjálfari fótboltadeildar ÍR.

Í slaginn á fótboltavellinum.

Fagnað á vellinum.

Félagsandinn er mikilvægur

Eins og ég sagði þá var ÍR nýfallið niður í aðra deild þegar ég tók við liðinu. Ég sá strax að gera yrði breytingar. Í allt hættu 19 leikmenn og ég lagði áherslu á að fá stráka úr yngri flokkunum og byggja liðið upp með þeim. Ég er þó ekki eingöngu með leikmenn sem eru aldir upp í ÍR. Það er gott að blanda þessu saman og þeir drengir sem komið hafa að utan eru frábærir, hafa fengið að þroskast með okkur og eru farnir að skila sínu inn í liðið." Arnar Þór segir að þrátt fyrir frjálsíþróttahefðina eigi fótboltinn sér einnig sterka hefð innan ÍR. Fótboltinn búi líka að mjög sterkri umgjörð innan þess. „Ég tel ákaflega mikilvægt að hafa góðan stuðningsmannahóp og góða umgjörð. Stundum koma þau tímabil að lognmolla leggst yfir og þá er gott að geta leitað í baklandið – fá stuðningsmannaliðið til þess að koma og rifa okkur upp." Arnar Þór segir hlut foreldra mikilvægastan. „Hann er mun meiri en fólk gerir sér almennt grein fyrir. Foreldrar leikmannanna mæta kvöldin fyrir leiki, elda fyrir hópinn og svo borða allir saman eftir síðustu æfinguna. Félagsandinn er frábær og að foreldrarnir séu tilbúnir að gera þetta fyrir okkur er ómetanlegt. Ég legg mikla áherslu á að við getum haft þetta svona áfram." Arnar Þór viðurkennir að þetta sé hluti af nauðsynlegum sálfræðiþætti í kringum fótboltann. „Sálfræðin í kringum fótboltann og þá einkum keppnina er mikilvæg. Þegar ég kom til þess að þjálfa hjá ÍR þá fannst mér þessi þáttur félagsstarfsemi ekki nægilega metinn. Eins og hann hefði dottið nokkuð niður. Ég ákvað því að reyna að gera mitt besta til þess að efla hann að nýju. Að byggja upp góðan félagsanda er ekki síður nauðsynlegt en að geta sparkað boltanum langt. Hugsunin er 80% af góðum fótboltaleik og ef hún er ekki í lagi þá verður árangurinn eftir því. Þess vegna legg ég mjög mikið upp úr hinum mannlegu samskiptum."

Þetta er sama svæðið

Nú er Breiðhyltingurinn – Bakka- og Fellabúinn og ÍR-ingurinn Arnar Þór Valsson fluttur úr Breiðholtinu. Hvað koma til. Hann segist þó ekki hafa farið langt og sé enn sami Breiðhyltingurinn og hann hafi verið. „Við þurftum stærra húsnæði eins og gengur með fjölskyldur og fórum að horfa í kringum okkur. Og áður en við höfðum dottið niður á hentugt húsnæði í Breiðholtinu kom húsnæði Kópavogsmegin við hreppamörkin upp í hendurnar á okkur. Það var engin meðvituð ákvörðun – alls ekki að flytja í Kópavog. Í raun er þetta eitt og sama svæðið. Það liggur þétt saman og ég er jafn fljótur að hjóla í vinnuna og ég var úr Breiðholtinu.

Útiskólinn heimsótti borgarstjóra

Börn af þremur leikskólum í Breiðholti heimsóttu borgarstjóra á ferð sinni um miðbæinn og fengu sér hressingu í ráðhúsinu.

Elstu börnin í leikskólunum Arnarborg, Bakkaborg og Fálkaborg heimsóttu ráðhúsið í dag, en þau hafa á undanförnum vikum verið í útiskóla og ferðast um alla borgina. Krakkarnir eru að útskrifast út leikskólanum og hafa útvíkkað sjóndeildarhringinn með ýmsum heimsóknum á söfn og á stofnanir áður en þau fara í sumarleyfi en í haust halda áfram skólagöngunni í grunnskólanum.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tók á móti þessum glaðlega hópi í ráðhúsinu í dag og sungu börnin fyrir hann og sögðu honum sögur úr leikskólastarfinu. Að því loknu héldu þau áfram á menningarferð sinni um borgina.

Opið alla daga
frá kl. 11 til 23.
Kebab eXpress
Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza
Sími: 557 1414

Coca-Cola

www.tattoo.is
CLASSIC TATTOO
REYKJAVIK
Opið 12:00-19:00 mánudaga til föstudaga
sími: 7722171
Arnarbakki 2
tattoo@tattoo.is

Systrasamlagið
Akandi, gangandi, hjólandi, vakandi:
OPIÐ ALLA DAGA Í JÚLÍ!



SAMFESTINGURINN –
ný ómótæðileg útgáfa!

Lífrænn & smart.
Fyrir jóga & lífið.
Sterk, lífræn og dásamleg "Fair Trade" bómull.



FLJÓTTU & NJÓTTU
Í SUMAR!

FÁTT jafnast á við FLOT
í fallegri sumarnóttinni.
Flothetta & fótaflot:
17.700 kr.

EKTA ILMVÖTN!
Dr. Bach eru ekta lífræn frönsk ilmvötn, eins og ilmvötn voru upphaflega hugsuð. Ilmvötn sem gefa en spilla ekki.
6 tegundir fást í Systrasamlaginu.

SÁL Í HVERJUM SOPA!

LÍFRÆNT KAFFI m/ BÍÓBÚMJÓLK / INDÍGÓKAFFI?
Eða má bjóða þér næringarríka gourmet súrdeigssamloku, ÞEYTING, SKOT, croissant, glútenlaust, "vegan", chiagrauta, heilsubita, kökur, súpu.
Innihaldsríkt góðgæti í stöðugri þróun!

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16
Sunnudagar í sumar 11 - 15

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Fjóla Guðrún Sigtryggsdóttir rifjar bernskuna í Breiðholtinu að þessu sinni. Hún fluttist með fjölskyldu sinni úr Heimunum í Akraselið þegar hún var sex ára og bjó þar allt til hún flutti að heiman. Foreldrar hennar eru Sigtryggur R. Eyþórsson og Þorbjörg Guðmundsdóttir sem búa þar enn. Eiginmaður Fjólu Guðrúnar er Eggert V. Valmundarson verkfræðingur ættaður úr Kópavogi.

Ég er stolt að hafa alist upp í Breiðholti

Ég er fædd í Reykjavík 1969 og átti heima í Austurbænum nánar tiltekið í Heimunum fyrstu árin. Ég var í Vogaskóla fyrsta skólaárið mitt en um sumarið 1976 fluttu foreldra mínir í Akraselið í Breiðholti. Ég á tvo yngri bræður og man að okkur var farið að hlakka til þess að flytja í nýja húsið. Við höfðum líka stundum farið með mömmu og pabba upp eftir, fylgst með framkvæmdum og séð fyrir okkur nýja heimilið og leikumhverfi.

Við bernskuheimili mitt í Akraselinu. Liðið er á leið í Bláfjöll.

Læddumst með vasaljós að skoða hálfbyggðu húsin

Hverfið var þá að byggjast upp og foreldrar mínir voru með þeim fyrri sem fluttu þangað – inn í hálfbyggt hús eins og var algengt á þeim árum. Nýbyggingar voru út um allt. Nokkuð sem freistaði okkar krakkanna og við læddumst stundum á kvöldin með vasaljós til þess að kanna þessa gráu hálfbyggðu kastala. Umhverfis voru holt og móar með stígum sem með tímanum mótuðust bæði af fótgangandi og hjólandi, nokkurs konar torfærur sem gaman var að hjóla eftir. Nú eru þessi svæði grasi gróin og skipulögð. Löng brekka liggur frá þar sem áður var verslunin Kjöt og fiskur og niður Seljabrautina og síðan Miðskógana að Skógarseli, – og fólst í því nokkurt sport að fara með hjólin upp brekkuna og hjóla svo eins hratt og við gátum niður í móti.

Löng gata – full af krökkum

Akraselið er löng gata og fljótlega var flutt inn í flest húsin og nágrennið fylltist af krökkum. Við þurftum ekkert út úr götunni því þar var nóg af leikfélögum. Við fórum í flesta þessa hefðbundnu barnaleiki á sumrin og var gatan leiksvæðið. Í minningunni voru veturnir fullir af snjó til að leika í, byggja snjóhús og göng, hoppa ofan í skafla og renna sér á skíðum. Gatan var einnig leiksvæði að vetrinum til að renna sér á skíðum í brekkum eða á skautum þegar svell lá á. Stundum fraus líka vatn á lóðunum og oft skautað að húsabaki þótt ekki væru um rennisléttar brautir að ræða. Aldrei meiddist þó neinn og þetta var bara gaman. Akraselið var löngum góð skíðabraut og við krakkarnir notfærðum okkar það frameftir öllum aldri. Ég man ekki alveg hvað ár það var – en ég var nýlega komin með bílpróf og við bróðir minn höfðum í sameiningu fest kaup á stórum gömlum amerískum jeppa. Einhvern tíma var snjóþota fest aftan í jeppann og bræður mínir og lítill frændi okkar dregnir á henni eftir Akraselinu okkur til óblandinnar skemmtunar. Þetta er að sjálfsögðu ekki til eftirbreytni.

Hestakona um tíma

Stundum fórum við líka í hjólreiðaferðir upp á Vatnsenda sem þá var óbyggður. Tókum gjarnan með okkur nesti og áðum í grænni lautu. Ég var líka um tíma í hestastússi. Upp úr fermingaraldrinum eignaðist ég hest sem var í hesthúsunum í Blesugrófinni við Breiðholtsbrautina og síðar í Víðidal. Í hesthúsin gat maður hjólað til verka á borð við að gefa, kemba og moka. Þar sem aðrir fjölskyldumeðlimir tóku ekki þátt í hestamennskunni fann maður sjálfur út úr mörgum málum sem þurfti að sinna varðandi hestana, oftast með öðrum krökkum sem einnig voru ein með hesta. Eitt sumarið fékk ég ásamt vinkonu minni að vera með hestana í sumarbeit í girðingu ofan Breiðholts þar sem þá voru möstur Pósts og Síma. Það var skemmtilegt sumar og mikið farið í útreiðartúra um óbyggð svæði þar sem nú eru Salir, Kórar og Hvörf og Þing í Kópavogi.

Vinkonan synti fyrir mig

Um haustið eftir að við fluttum í Akraselið byrjaði ég í sjö ára bekk í Ölduselsskóla. Þá var kennt í hálfgerðum skúrum en svo kom nýja skólabyggingin og skúrarnir hurfu smám saman. Þá var ekki komin aðstaða til leikfimi- og sundkennslu í Ölduselinu. Það kom íþróttahús við Seljaskóla og þangað fórum við í leikfimi en sundið var svona út um allt. Líklega var mest kennt í Sundhöllinni við Barónsstíg. Ég man að á sundprófi á þeim tíma tók kennarinn ekki eftir því að ég hafði synt björgunarsund tilsetta vegalengd sem ég þó gerði. Til vitnis um það var vinkona mín sem ég synti með sem og aðrir úr bekknum. Sundkennarinn hafði hins vegar ekki fylgst með og átti ég að endurtaka aðeins þennan hluta sundprófsins í næsta sundtíma – öðru hafði ég náð. Þetta þótti bekkjarfélögum mínum mikið óréttlæti. Af einhverjum ástæðum mætti ég ekki í næsta sundtíma en líklega hefur fleira en eitt komið til greina. Þegar vinkona mín og nágrannakona úr Akraselinu, Hörn (sem ég hafði „bjargað í björgunarsundinu sem ekki var tekið til greina) tók eftir því að ég var ekki mætt spann hún upp áætlun á staðnum sem allur bekkurinn samþykkti – enda tilgangurinn að réttlætið næði fram að ganga. Þegar sundkennarinn las upp nöfn nemenda svaraði Hörn kalli hans sem Fjóla. Og ætlunin gekk eftir. Hörn tók sundið og krakkarnir hrópuðu hvetjandi „áfram Fjóla áfram Fjóla“ í kór á meðan hún synti. Á þennan hátt náði ég sundprófinu, trúlega sjálf veik heima upp í rúmi. Annars átti ég mjög góð ár í Ölduselsskóla eiginlega of góð til þess að muna almennilega eftir þeim. Alla vega gerðist fátt sem var svo sérstakt að það greyptist inn í minnið.

Góðir dagar í skólahljómsveitinni

Skólaárin mín snérust

Á sumardaginn fyrsta í Breiðholti 1983.

Lúðrasveitin að spila í Skotlandi.

þó ekki eingöngu um góða daga í Ölduselsskóla því ég lærði að blása í trompet og spilaði í mörg ár í lúðrasveit. Fyrstu árin í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts en síðar einnig með Lúðrasveitinni Svani. Ég á hljóðfærið enn og gríp stöku sinnum í það. Í skólahljómsveitinni kynntist ég krökkum úr öllu Breiðholtinu og einnig úr Árbænum. Ólafur L. Kristjánsson tónlistarkennari stjórnaði sveitinni á þessum árum og bar hana mjög fyrir brjósti. Sveitin og við öll vorum eins og börnin hans. Hann var bæði góður kennari og hélt vel utan um hópinn sinn. Ólafur gat verið strangur og oft horfði hann hvössum augum á okkur á æfingum, hvessti sig, sló harkalega með tónsprotanum í nótnastatífið og stappaði í gólfið ef honum þótti það þurfa. Við áttum að vanda okkur við spilamennskuna og vera með athyglina við hana. En hann hafði líka þann eiginleika að um leið og hann lagði tónsprotann frá sér var hann okkar besti félagi og vinur. Hann lét líka ætið vita af því þegar hann var ánægður með spilamennskuna og hrósaði öllum hópnum sem og einstaklingum. Strangleikinn var bara hluti af þeirri kennslufræði sem hann beitti til þess að ná árangri sem hann svo sannarlega gerði. Hins vegar var ætíð ljóst að lúðrasveitin ætti að ganga fyrir öðrum áhugamálum, engin afsökum var til fyrir því að mæta ekki á æfingu – allra síst íþróttaiðkun svo sem eins og fótbolti. Það var allt að því refsivert að taka slíka leiki fram yfir lúðrasveitina, og þeim mun meira alvörumál eftir því sem íþróttakrakkarnir voru betri blásarar. Lúðrasveitin ferðaðist talsvert. Við fórum í æfingabúðir innanlands og á lúðrasveitamót bæði innanlands og erlendis. Lúðrasveitin fór m.a. á lúðrasveitamót til Bergen í Noregi og í ferðalag til Skotlands. Þarna mynduðust tengsl og þessi hópur sem ég var í hittist enn þá – en með löngu millibili þó. Við spilum þó ekki enn saman heldur látum nægja að rifja upp gamla tíma. Sumir þeirra sem byrjuðu þarna hjá Ólafi eru enn að. Starfa við tónlistarkennslu eða taka þátt í tónlistarstarfi en aðrir hafa haldið aðrar leiðir eins og gengur. Um tíma kenndi Lilja Valdimarsdóttir hornleikari samhliða Ólafi. Lilja var mjög frískleg og skemmtileg og hún hvatti mig til þess að fara í tónlistarskóla sem ég gerði. Lilja stofnaði einhverju sinni kvennalúðrasveit og ég spilaði með henni einhverju sinni á Þingvöllum. Gæti hafa verið á kvennadaginn 19. júní. Lilja er mikil baráttukona og lagði hún áherslu á að blása strákana í kaf, taka þá á djúpu nótunum og leggja þar með grunninn fyrir hæstu tónana.

Sautján strákar og þrjár stelpur í eðlisfræðibekknum

Þegar kom að því að velja framhaldsskóla, fór ég ekki í FB eins og títt var orðið um krakka úr Breiðholtinu. Hann þótti nýstárlegur skóli og andinn þar freistaði margra. Hins vegar endaði það svo að ég fór í MR og útskrifaðist þaðan af eðlisfræðibraut I. Þá var ekki orðið algengt að stelpur færu þessa leið gegnum skólann og við vorum bara þrjár í eðlisfræði I en 17 strákar. Í MR eignaðist ég mína bestu vini. En það voru fleiri en ég sem sóttu framhaldsskóla niður í bæ og Strætó var alltaf fullur á morgnana af ungmennum á leið í skólann. Það var líka auðvelt að taka strætó úr Akraselinu. Við vorum í endanum sem snýr út að Seljabrautinni og stutt að fara í veg fyrir hann og auðvelt að ná þeim næsta ef maður náði ekki þeim sem stefnan var sett á.

Sumur á sjó og í verkfræði

Sumarstörfin voru fjölbreytt, en sem barn og unglingur fór ég í sveit hluta úr sumri, eitt sumarið fór ég í Svefneyjar í Breiðafirði, týndi og hreinsaði dún og naut eyjalífs. Í eyjunum voru hestar og lét ég senda mér beisli og gat þá farið á hestbak á kvöldin. Eitt sumar vann ég sem sendill í heildsölu og annað sumar við verslunarstörf í SS búð sem þá var í Austurveri. Á menntaskólaárunum fékk ég vinnu yfir jól við að bera út póst

Fjóla Guðrún.

í Breiðholtinu. Einnig vann ég í Seljahlíðinni hluta úr sumri, eða þar til ég fékk vinnu hjá Eimskip á fraktskipi – en það var starf sem mér þótti spennandi, enda hafði ég um fermingu fengið far með slíku skipi til Noregs og þótti það mikið ævintýri. Ég var alls þrjú sumur á sjó og kynntist flestum ófaglærðum störfum um borð í fraktskipi, fór túra sem þerna, aðra túra sem háseti og einn túrinn var ég dagmaður í vél. Ég sigldi með Dettifossi, Brúarfossi og Írafossi. Mér þótti sérstaklega skemmtilegt á Dettifossi og Írafossi sem fluttu ekki eingöngu farm í gámum og viðkomustaðir gátu breyst með stuttum fyrirvara innan siglingaleiðarinnar. Þessi skip stoppuðu líka lengur á hverjum viðkomustað og sigldu á framandi slóðir – Dettifoss til austantjaldslandanna við Eystrasaltið og Írafoss sigldi alla leið til Tyrklands um Miðjarðarhaf með viðkomu á Grikklandi. Ég hefði gjarnan viljað fara fleiri slíkar ferðir. En leiðin úr eðlisfræðinni í MR hafði legið vestur á Mela, í verkfræði við Háskóla Íslands. Hluti verkfræðináms á þessum tíma var að vinna í byggingarvinnu og fékk ég mér því vinnu sem byggingarverkamaður tvö sumur. Það var eins og með eðlisfræðina í menntó, að verkfræði á háskólastigi var enn að miklu leyti strákafag þótt það væri að byrja að breytast á meðan ég stundaði þar nám. Við vorum tvær stelpur í um 20 manna skemmtilegum og góðum bekk í byggingaverkfræði. Við fengum annað sumarið báðar vinnu hjá Hagvirki Kletti í jarðvinnu, og var okkar fyrsta verk að mála saman jarðýtuna Komatsu D65 fagurgula. Svo skyldust leiðir það sumar og við mokuðum sinn hvorn skurðinn með skóflu og unnum ýmsa aðra jarðvinnu.

Breiðholtið græna

Eftir HÍ fór ég vestur um haf til framhaldsnáms en átti raunar heima í Breiðholtinu alveg þar til náminu lauk en þá fluttist ég til Hafnarfjarðar. Það varð reyndar tímabundinn búskapur því ég er kominn hálfa leiðina til baka – á Marbakkabraut í Kópavogi við Fossvoginn. Þegar ég kem í Breiðholtið í dag tek ég eftir einni mikilli breytingu frá því ég var að alast upp. Það er gróðurinn sem nú breiðir úr sér út um allt. Ég man að það var smá trjáþyrping við Alaska en annars staðar veiklulegar hríslur og talað var um að aldrei myndu vaxa tré í Breiðholtinu. Það yrði alltaf grátt og ljótt. Hrakspár sem aldrei urðu að veruleika. Ég lít fyrst og fremst á mig sem Breiðhylting. Hverfið fóstraði mig svo til frá því að skólagangan hófst og þar til að henni lauk. Ég er stolt af þessum uppruna mínum.

Um borð í Dettifossi sumarið 1988. Akureyri er í baksýn.

Brynhildur Skúladóttir, lyfjatæknir, Hjörtur Elvar Hjartarsson og Fanney Frisbæk hluteigandi.

Hraunbergsapótek opnar aftur eftir áratug

... býður upp á alla hefðbundna apóteksþjónustu og leggur áherslu á forvarnir í heilsueflingu

Nýtt einkarekið apótek hefur verið opnað við Hraunberg 4 í Breiðholti gegnt Gerðubergi og í nálægð við heilsugæslu Efra Breiðholts. Húsnæðið er hið sama og Hraunbergsapótek var starfrækt í fyrir rúmlega áratug síðan.

Apótekið leggur mikla áherslu á lipurð og góða þjónustu, ásamt því að vera samkeppnishæft í verði. Starfsfólk apóteksins hlakkar til að bjóða nágrönnum og öðrum viðskiptavinum velkomina í viðskipti og rjúkandi kaffibolla, alla virka daga milli 8:30 og 18:00. Góð afsláttakjör fyrir eldri borgara og öryrkja.

www.breiðholt.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Gróður þrífst vel í Breiðholti

Á árdögum Breiðholtsins var því oft og einatt spáð að þessi borgarhluti yrði ávallt án gróðurs. Hann næði sér ekki á strik í þeirri hæð yfir sjávarmáli sem Breiðholtið stendur.

Lítið var um gróður þar sem efri hluti byggðarinnar stendur nú en tún gamla Breiðholts voru neðar. Fljótlega eftir að fólk fluttist í nýbyggð híbýli í Breiðholtinu hóf það að rækta garða sína og planta trjágróðri. Nú um fjórum áratugum síðar er Breiðholtið og þá einkum Seljahverfið einn best gróni borgarhluti Reykjavíkur. Þar er að finna marga af fallegustu görðum borgarinnar eins og þessar myndir sem teknar voru við Grjótasel sýna.

Fab Lab hvergi eins aðgengilegt almenningi

Bas Withagen og Linda Wanders eru frá Delph í Hollandi. Bas er rafmagnsverkfræðingur og starfaði um árabil í Fab Lab smiðjunni í Amsterstam og Linda er grafískur hönnuður og kennari og starfaði sem slíkur og hóf störf í Fab Lab í framhaldi af námi sínu í Fab Academy sem hún lauk sumarið 2014. Bas og Linda eru par og mér lék forvitni á að heyra hvernig þau kynntust? „Við kynntumst fyrir 10 árum þegar við unnum saman í bókabúð.“ Fyrir tilviljun þá gerðist það að sumarfrísplön þeirra beggja breyttust sem varð til þess að þau ákváðu að fara saman í ferðalag í nokkrar vikur, eitt leiddi af öðru og ástin kviknaði. Blaðamaður hitti þau Bas og Lindu leiðbeinendur í Fab Lab Reykjavík í Fellagörðum að máli 3. júlí síðastliðinn en Fab Lab opnaði 24. janúar 2014.

Bas Withagen og Linda Wanders.

Bas og Linda eru par. Þau kynntumst fyrir 10 árum þegar þau unnu saman í bókabúð. Fyrir tilviljun gerðist það að sumarfrísplön þeirra beggja breyttust sem varð til þess að þau ákváðu að fara saman í ferðalag í nokkrar vikur, eitt leiddi af öðru og ástin kviknaði. En hvað varð til þess að þau komu til Íslands? Bas hitti Frosta Gíslason, sem er verkefnisstjóri í Fab Lab smiðjunni í Vestmannaeyjum, sumarið 2013 í tengslum við alþjóðleg ráðstefnu í Japan sem haldin var í tengslum við Fab Academy sem er alþjóðlegt nám fyrir leiðbeinendur í Fab Lab. Bas lauk náminu 2012 og var leiðbeinandi í því 2013 samhliða því að taka þátt í að skipuleggja námið. Á ráðstefnunni minntist Bas á það við Frosta að hann væri að leita að öðru starfi en þá var hann búinn að vera vinna í Amsterdam í fimm ár og langaði að takast á við ný verkefni. Á þessum tíma á Íslandi var verið að undirbúa stofnun Fab Lab Reykjavík þannig að það var starf á lausu og Bas og Linda ákváðu að stökkva á þetta tækifæri. „Við lentum síðan í Keflavík 6. janúar 2014 en Fab Lab Reykjavík opnaði 24. janúar.“

Að læra á eigin forsendum

Hvað er svona sérstakt við Fab Lab? „Fab Lab gerir einstaklingum kleift að koma og læra á eigin forsendum og hraða. Fab Lab er ekki fyrir alla en smiðjan gerir fólki kleift að vera það sjálft og skapa það sem því langar að skapa, hvort sem um er að ræða heimavinnandi húsmóður eða vöruhönnuð,“ segir Bas. „Fab Lab getur hentað öllum aldurshópum frá átta ára upp í 80+. Verkefnin geta verið einföld og flókin og allir eru velkomnir að prufa sig áfram. Áhugin kviknar kannski hjá krökkunum af því að þeir sjá eitthvað flott og langar að búa til eitthvað svipað, aðrir hafa vilja kanna hvort þeir geti smíðað íhluti í tæki sem hafa brotnað eða einhver kemur inn og segir „ég er með þessa hugmynd, er hægt að hanna hana hér og prófa?“. Það eru endalausir möguleikar sem opnast fyrir alla sem hafa áhuga, segir Linda. „Við vinnum líka talsvert með hönnuðum og þess má geta að þrjú til fjögur verkefni sem voru unnin í Fab Lab tóku þátt í Hönnunarmars í ár. Auk þess eru mörg verkefni sem eru þróuð að hluta til í Fab Lab bæði af einstaklingum, hönnuðum og fyrirtækjum.“

Hægt að kíkja við af götunni

Staðsetning Fab Lab í Breiðholtinu var liður í að styrkja ímynd hverfisins og félagsauð, hvernig finnst ykkur hafa tekist til með það? „Fab Lab hefur gert mikið fyrir hverfið og Fellagarða sem voru í niðurníðslu þegar smiðjan var sett upp. Nýlistasafnið er komið hér við hliðina á okkur, verið er að ljúka byggingu á nýrri íbúðablokk og ný fyrirtæki hafa verið að setja upp starfsemi sína hér,“ segir Bas. „Það eru sífellt fleiri sem kíkja við hjá okkur af götunni og oft hefur þessi áhugi þróast þannig að fólk fari að vinna að hugmyndum sínum, tekur vini sína og fjölskyldur með,“ segir Linda. Kosturinn við Fab Lab hér í Breiðholtinu að við erum búðargluggi, fólk getur kíkt inn, skoðað án skuldbindinga, við erum aðgengilegri en almennt gengur og gerist með Fab Lab víðast hvar þar sem smiðjurnar eru staðsettar inn í stofnunum eða fyrirtækjum. Við erum oft spurð að því afhverju við séum ekki staðsett í miðbænum og svar okkar við því er að það er tiltölulega auðvelt að komast hingað en þrjár leiðir í Strætó stoppa beint fyrir utan smiðjuna og það er nóg af bílastæðum sem kosta ekkert,“ segir Bas.

Erum að þjálfa kennara í að nýta Fab Lab

Þið vinnið sérstaklega með grunn- og framhaldsskólum, hvernig sjáið þið það samstarf þróast? „Áherslan hjá okkur er að þjálfa kennara í að nýta sér Fab Lab í kennslu og starfsþjálfun. Það er enginn vafi á því að það eru endalaus tækifæri til að þróa frekara samstarf við skólana og það er jafn ljóst að ein Fab Lab smiðja á Höfuðborgarsvæðinu mun ekki geta mætt þeirri eftirspurn sem þá mun skapast,“ segir Linda. „Vissulega er þjálfun kennara lykilatriði en oft náum við betur til nemendanna sem síðan ýta við sínum samnemendum, foreldrum og kennurum. Við vinnum bæði frá grasrótinni með því að kveikja áhuga almennings og ungmenna og út frá kerfunum t.d. með þjálfun kennara,“ segir Bas. Með því að tvinna stafræna hönnun og frumgerðasmíð inn í nám þá bætir það nýrri vídd við námið þar sem nemendur eru við útskrift komnir með reynslu af vöruþróun og jafnvel búnir að stíga sín fyrstu skref sem frumkvöðlar eða framleiðendur. Við erum að fá fréttir af því að nemendur úr FB sem tóku hluta af námi sínu hér í Fab Lab eiga meiri möguleika á að komast inn í tækni- og verkfræði í HÍ og HR sem og listnám í Listaháskólanum.“

Viljum gjarnan ferðast um heiminn

Stefnið þið að því að vera áfram á Íslandi eða er eitthvað annað í kortunum?

Ísland er fínt, en ég held að við getum ekki búið við svo mikla sumarbirtu mikið lengur enda ólíkt því sem við eigum að venjast. Ég get alveg höndlað myrkrið á veturna þó ég sé ekki viss um að mig langi að upplifa annan eins vetur og þann sem var að líða. Okkur langar að vinna áfram í Fab Lab og viljum gjarnan ferðast um heiminn og vinna í ólíkum smiðjum eftir að flytjum frá Íslandi en samningurinn við Bas rennur út um næstu áramót. Fab Lab hvergi eins aðgengilegt almenningi,“ segir Linda.

SGK

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfarar- og lögfræði-þjónusta

Önnumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi

Elín Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri · *Þorsteinn Elísson útfararþjónusta* · *Snævar Jón Andrésson útfararþjónusta* · *Hugrún Jónsdóttir útfararstjóri* · *Rósa Kristjánsdóttir útfararstjóri*

Guðmundur Baldvinsson útfararþjónusta · *Jón G. Bjarnason útfararþjónusta* · *Ellert Ingason útfararþjónusta* · *Katla Þorsteinsdóttir lögfræðiþjónusta* · *Gestur Hreinsson útfararþjónusta*

Við þjónum allan sólarhringinn

Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2013 2014

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Fjölgun um 70 þúsund og hágæða almennings-samgöngukerfi

Svæðaskipulagið undirritað á góðviðrisdegi við Höfða. Sitjandi eru; Haraldur Líndal Haraldsson bæjarstjóri í Hafnarfirði, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri í Mosfellsbæ og Ármann KR. Ólafsson bæjarstjóri í Kópavogi. Standandi eru; Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri í Reykjavík og Gunnar Einarsson bæjarstjóri í Garðabæ.

Gert er ráð fyrir að íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgi um allt að 70 þúsund manns á næstu 25 árum eða fram til ársins 2040. Þetta kemur fram í nýsamþykktu svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins en þetta er í fyrsta skipti sem unnið er skipulag fyrir allt svæðið í heild.

Svæðisskipulagið hefur verið samþykkt í öllum sveitarstjórnum og staðfest af Skipulagsstofnun. Með nýju svæðisskipulagi tekur jafnframt ný vatnsverndarsamþykkt gildi með breyttri skilgreiningu vatnsverndarsvæða.

Höfuðborgarsvæðið 2040 er sameiginleg stefna sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar um náið samstarf, skipulagsmál og hagkvæman vöxt svæðisins næstu 25 árin, enda er höfuðborgarsvæðið eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðismarkaður með sameiginleg grunnkerfi, útivistarsvæði, auðlindir og náttúru. Hryggjarstykkið í stefnunni er borgarlína, nýtt hágæða almenningssamgöngukerfi sem tengja á kjarna sveitarfélaganna og flytja farþega með skjótum og öruggum hætti um höfuðborgarsvæðið.

14 sóttu um sviðsstjórastöðu

Alls sóttu 14 umsækjendur um stöðu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Þeir sem sóttu um stöðuna eru: Baldur Pálsson fræðslustjóri, Davíð Freyr Þórunnarson menningarstjórnandi, Grétar Erlingsson framkvæmdastjóri, Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri, Gunnar Kristinn Þórðarson stjórnsýslufræðingur, Halla Birgisdóttir, Helgi Grímsson skólastjóri, Hrönn Árnadóttir M.A. í íþróttasálfræði, Rannveig Björk Þorkelsdóttir uppeldis- og menntunarfræðingur og doktorsnemi. Sigríður Ágústsdóttir skólastjóri, Særún Magnea Samúelsdóttir M.A. í menningar- og menntastjórnun, Vigfús Hallgrímsson þróunarfulltrúi grunnskóla, Þorsteinn Frímann Sigurðsson viðskiptafræðingur og Þorsteinn Sæberg Sigurðsson, skólastjóri.

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta
GARÐS APÓTEK
- rétt leið
Sogavegi við Réttarholtsveg
Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

APENA
HÁRSNYRTISTOFA
Þangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Geymið auglýsinguna
PARKET SÉRGREIN MÍN Í 30 ÁR
Parketlögn - parketslípun og viðgerðir
Við erum sérfræðingar á þessu sviði, hvort sem um er að ræða á einkaheimilum eða stærri einingum svo sem skólum stofnunum og eða íþróttahúsum.
Parketslípum gömul gólf, sem verða sem ný eftir okkar meðhöndlun.
Okkar þjónusta, þinn ávinningur.
Förum hvert á land sem er.
Þegar gæðin skipta máli
3M 3M
Falleg gólf ehf • Nesbala 25 • 170 Seltjarnarnes • golfslipun@simnet.is • sími: 561 4207 • GSM: 898 1107

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali
Enskar fótboltavörur
Leikföng í úrvali
Leiksport
Sími 5575020
Hólagarði

www.breidholt.is

Grænir skátar
– við elskum dósir!
Söfnunarkassar í þínu hverfi eru m.a. við:
Arnarbakka • Austurberg • Seljaskóla

Eldri flokkur Leiknis Pollamótsmeistari

Efri röð frá vinstri: Guðjón Ingason, Kjartan Örn Þórðarson, Hafsteinn Ingason, Gissur Jónasson og Steinarr Guðmundsson. Neðri röð frá vinstri: Sævar Ólafsson, Haukur Gunnarsson, Valur Gunnarsson og Davíð Jónsson.

„Old boys“ lið Leiknis, sem kallar sig Leiknari, gerði sér lítið fyrir og sigraði Pollamót Þórs sem fram fór á Akureyri dagana 3. og 4. júlí sl. Um er að ræða stærsta mót fyrir eldri flokka á Íslandi, en þetta er í 28. sinn sem Pollamótið fer fram. Alls tóku 62 lið þátt í þessu móti, þar af 19 í Polladeildinni sem er ætluð yngstu leikmönnum mótsins - 30 ára og eldri.

Leiknari fékk aðeins eitt mark á sig allt mótið í venjulegum leiktíma og sigraði sinn riðil með því að vinna þrjá leiki og gera eitt jafntefli. Í úrslitakeppninni vann liðið sinn leik í sextán liða úrslitum með tveimur mörkum gegn engu. Leikirnir í átta liða og fjögurra liða úrslitum fóru báðir í vítaspyrnukeppni eftir að hafa endað með markalausu jafntefli. Leiknir skoraði úr öllum þremur vítaspyrnum sínum í báðum leikjum, en markvörður liðsins varði eina spyrnu í hvorum leik sem fleytti liðinu áfram í mótinu. Í úrslitaleiknum hélt liðið markinu enn einu sinni hreinu og skoraði eitt mark sem reyndist sigurmarkið og með því var titillinn í höfn. Leiknari samanstóð af níu fyrrum leikmönnum Leiknis, en samtals eiga þeir um 800 leiki fyrir meistaraflokk liðsins í deildar- og bikarkeppni. Meðalaldur leikmanna liðsins er rúmlega 35 ár.

www.leiknir.com

ALLTAF FULLT BORÐ AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

FISKBÚÐ HÓLMGEIRS

MJÓDD

Yngri flokkar á knattspyrnumótum

Knattspyrnuiðkendur í yngri flokkum bíða margir spenntir eftir mótum sumarsins. Það er gaman að leggja land undir fót til að keppa í fótbolta, gista með félögunum og hitta krakka úr öðrum knattspyrnuliðum. Sjöundi flokkur pilta sem skipaður er yngstu iðkendunum fór á árlegt Norðurálsmót ÍA á Skipaskaga helgina 19. til 21. júní.

Leiknir tefldi fram þremur liðum á mótinu. Norðurálsmótið er þannig skipulagt að fyrsta mótsdaginn er raðað í styrkleikaflokka út frá úrslitum í leikjum dagsins. Þannig myndast mjög jöfn og góð keppni á laugardegi og sunnudegi. Föstudagurinn fór vel af stað hjá strákunum okkar og unnu tvö liðanna sér sæti í þriðja styrkleikaflokki og eitt liðanna gerði sér lítið fyrir og vann sér sæti í efsta styrkleikaflokki. Laugardagurinn hófst snemma og eins og gengur og gerist skiptust á skin og skúrir á vellinum. Tvö liðanna töpuðu reyndar ekki leik en róðurinn var erfiður í efsta styrkleikaflokknum þar sem um var að ræða þrjá hörkuleiki sem enduðu þó allir með tapi. Á laugardagskvöldið máluðu okkar menn bæinn rauðan og bláan á Akranesi og skelltu sér á kvöldvöku í Akraneshöllinni þar sem þeir bræður Friðrik Dór og Jón Jónsson léku sína helstu slagara. Kvöldvakan fór greinilega gríðarlega vel í okkar menn og tapað ekkert lið leik á sunnudeginum og fóru allir kátir heim af mótinu. Niðurstaðan var því gríðarlega vel heppnað mót þar sem öll lið Leiknis stóðu sig með mikill prýði jafnt innan vallar sem utan.

Ungir Leiknisstrákar á Norðurálsmóti.

Yngri flokka strákar á N1 móti.

Þrjú lið á N1 mótinu

Dagana 1. til 4. júlí var haldið hið árlega og geysivinsæla N1 mót á Akureyri. Mótið er fyrir drengi á aldrinum 11-12 ára og héldu 30 vaskir strákar úr 5. flokki Leiknis af stað norður ásamt fjölda foreldra. Lagt var af stað eldsnemma á miðvikudagsmorgni en nokkrir komu til móts við hópinn fyrir norðan. Leiknismenn voru hér einnig með þrjú lið sem öll stóðu sig með prýði og voru félaginu til sóma. Drengirnir sýndu flotta takta og greinilegar framfarir voru hjá öllum liðum eftir því sem líða tók á mótið. Fyrsti mótsdagur var vætusamur og allir leikmenn gegnblautir í lok dagsins. Næstu dagar voru þurrir og góðir og laugardagurinn einstaklega sólríkur. Öll lið fóru í bíó og alla daga var farið í sund. Á föstudagskvöldinu héldu þjálfarar liðsins Leiknis-kvöldvöku þar sem hver og einn leikmaður var verðlaunaður og er óhætt að segja að mikil kátína hafi ríkt í hópnum. Strákarnir luku keppni á laugardeginum og flestir héldu heim á leið yfir Öxnadalsheiði, hressir eftir vel heppnað mót. Þess má svo geta að einn Leiknismaður kom heim með titilinn "Skotfastasti maður mótsins"!

Svona keppnisferðir geta ekki gengið vel nema foreldrar hjálpist að. Í báðum þessum ferðum var frábær foreldrahópur sem tók að sér liðsstjórn og næturvörslu, smurði nesti og fylgdi drengjunum eftir allan daginn. Fyrir það ber að þakka.

GS

Framkvæmdum á Leiknisvelli að ljúka í bili

Í vor lögðust Leiknir og Reykjavíkurborg í framkvæmdir á Leiknisvelli til að uppfylla undanþágu KSÍ vegna leikvallar í efstu deild Pepsí-deildinni. Þeim framkvæmdum fer loks að ljúka.

Bætt hefur verið við Leiknisvöll rétt tæpum 100 sætum í stúkuna sem tekur nú á sjötta hundrað manns. Ný blaðamannaaðstaða er loks komin á völlinn og er það mikil bragarbót en aðstaða fjölmiðla við völlinn var engin. Nýr söluskáli sem Fjölbrautaskólinn í Breiðholti smíðaði fyrir okkur Leiknisfólk kom á svæði í byrjun maí og loks kom lítið miðasöluhús sem var fullklárað á dögunum.

Aðstaðan á Leiknisvelli er í dag með ágætu móti til að takast á við þau verkefni sem steðja að félaginu. En betur má ef duga skal. Endurnýjun á gervigrasvelli félagsins fer að verða aðkallandi enda núverandi teppi orðið nær 13 ára gamalt. Eins er verulega mikilvægt að fara að huga að inniaðstöðu fyrir krakkana í fótboltanum í Breiðholti.

Nýr söluskáli sem Fjölbrautaskólinn í Breiðholti smíðaði fyrir okkur Leiknisfólk kom á svæði í byrjun maí.

Sumarnámskeið ÍR slá í gegn

,,Sumargaman ÍR“ eru heilsdags og hálfsdagsnámskeið sem ÍR stendur fyrir á svæði sínu við Skógarsel í Mjódd. Námskeiðin sem eru fyrir sex til níu ára krakka njóta mikilla vinsælda enda valinn maður í hverju rúmi leiðbeinenda.

Börnin geta valið um tvær leiðir í námskeiðunum annars vegar íþróttalínu og hins vegar leikja- og sköpunarlínu. Þetta fyrirkomulag tryggir að allir fá verkefni við hæfi og njóta sín undir handleiðslu leiðbeinenda sem allir hafa ákveðin sérsvið til að miðla af. Krökkunum stendur svo til boða að fá heitan mat í hádeginu. Námskeiðin hjá ÍR standa yfir fram miðjan ágúst og ennþá hægt á skrá sig. Sumargaman ÍR eru ný sumarnámskeið fyrir börn sem hafa slegið í gegn enda fjölbreytt og skemmtileg og um allt mögulegt að velja. Viðfangsefnin eru svo fjölbreytt að það er varla á nokkurn leggjandi að telja það allt upp en sem dæmi má nefna leiklist, dans, skartgripagerð, fótbolti, náttúruskoðun í okkar fallega hverfi, glíma, frjálsar, myndlist, handbolti, keila og fimleika.

Magnúsarsjóður styrkir afreksfólk og þjálfara ÍR

Árleg úthlutun úr Magnúsarsjóði, menntunar og afrekssjóði ÍR fór fram í júní. Sjóðurinn var stofnaður með framlagi Magnúsar Þorgeirssonar ehf á hundrað ára afmæli ÍR árið 2007. Magnús Þorgeirsson betur þekktur sem Magnús í PHAFF var einn af fremstu íþróttamönnum ÍR á sínum tíma og stuðningsmaður félagsins í áratugi.

Að þessu sinni var úthlutað einni milljón króna úr sjóðnum til afreks og fræðsluverkefna hjá fjórum íþróttadeildum ÍR. Körfuknattleiksdeildin hlaut styrk vegna þátttöku fimm unglingalandsliðsmanna sem taka þátt í NM og EM unglinga í sumar. Handknattleiksdeildin fékk framlag til að kosta þjálfara meistaraflokks karla á alþjóðlegt þjálfaranámskeið og til að endurbæta lyftingaaðstöu í Austurbergi. Keiludeildin fékk framlag til að mennta þjálfara sína og til að styrkja afreksmenn deildarinnar í landsliðsverkefnum. Að síðust fékk frjálsíþróttadeildin framlag til að undirbúa afreksmenn sína fyrir HM í frjálsum sem fram fer í Kína í ágúst.

Fréttir
Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Sigurganga ÍR í fótboltanum heldur áfram

ÍR-ingar fagna marki.

ÍR-ingar hafa nú tekið afgerandi forystu í 2. deild á Íslandsmótinu í knattspyrnu karla. Að loknum tíu umferðum er liðið í efsta sæti deildarinnar með 28 stig og sex stiga forskot á lið Hugins frá Seyðisfirði sem er í öðru sæti. ÍR-ingar hafa unnið níu leiki og gert eitt jafntefli gegn Aftureldingu.

Jón Gísli Ström er markahæstur í deildinni sem stendur hefur skorað sjö mörk af þeim tuttugu og einu sem ÍR liðið hefur skorað og Magnús Magnússon fyrirliði og markvörður hefur aðeins fengið á sig fjögur mörk í fyrstu tíu umferðum mótsins. Síðustu þrír leikir liðsins og sigrar í þeim hafa verið afar mikilvægir enda gegn þeim liðum sem nú eru í öðru og þriðja sæti deildarinnar. Huginn á Seyðisfirði og Leikni frá Fáskrúðsfirði og svo einnig sigur á erfiðum útivelli gegn Njarðvík. Erfitt verkefni bíður nú þjálfarans Arnars Þór Valssonar og aðstoðarþjálfarans Eiðs Ottó Bjarnasonar að viðhalda baráttuandanum og hungrinu í sigra eftir velgengnina í fyrri hluta mótsins. Það verður því fróðlegt að fylgjast með seinni hluta mótsins og stuðningur hverfisbúa og allra ÍR-inga mikilvægur.

Hildigunnur og Bjarki á Ólympíumóti Evrópuæskunnar

Þau Hildigunnur Þórarinsdóttir og Bjarki Freyr Finnbogason hafa verið valin til að keppa fyrir Íslands hönd á Ólympíumóti Evrópuæskunnar (European Youth Olympic Festival) sem fram fer í Tbilisi í Georgíu daga 29. júlí til 1. ágúst.

Hildigunnur keppir í 100m grindahlaupi og langstökki og Bjarki Freyr í 200m og 400m. Sex frjálsíþrótta ungmenni frá Íslandi keppa á mótinu sem er gríðarlega sterkt og þar keppa sterkustu ungmenni fædd 1999 og 2000 í Evrópu.

1X2
GETRAUNANÚMER
ÍR ER 109

Viltu *framúrskarandi* þjónustu við sölu á þinni fasteign?

Ég sé um allt ferlið fyrir þig og aðstoða þig einnig við fasteignakaup.

LIND FASTEIGNASALA

Kristín Skjaldardóttir
Sölufulltrúi
kristin@fastlind.is
824 4031

Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900

Frítt verðmat

Litli Uppfinninga-skólinn í FB í ágúst

Innoent á Íslandi mun verða með Litla uppfinningaskólann í húsnæði FB í samstarfi við skólann og FabLab Reykjavík í byrjun ágúst.

Vegna þessa verða ungir hugvitsmenn skoppandi um gangana þegar skólinn opnar á ný og erum við spennt að sjá hvaða uppfinningar munu líta dagsins ljós hér innan veggja skólans. INNOENT á Íslandi fæst við að þróa nýsköpunar- og frumkvöðlamenntanám fyrir alþjóðamarkað og hefur valdeflandi kennslufræði að leiðarljósi. Þar stýrir vilji og rödd „nemandans“ náminu og tekur hann þannig fulla ábyrgð á eigin skapandi hugsun og skapandi aðgerðum.

— — — — —

Hanna Guðrún er Reykvíkingur ársins

Hanna Guðrún Sigurjónsdóttir er Reykvíkingur ársins 2015. Hún starfar sem þroskaþjálfi í Fellaskóla og er formaður húsfélags fjölbýlishúss við Kóngsbakka. Þetta er í annað sinn sem Breiðholtsbúi hlýtur þessa nafnbót. Hin fyrri er Theodóra Rafnsdóttir sem valin var Reykvíkingur ársins árið 2012.

Hanna Guðrún var tilnefnd af nágranna sínum í fjölbýlishúsinu að Kóngsbakka í neðra Breiðholti en þar hefur hún verið dugmikil fyrirmynd hvað varðar flokkun á rusli, umhverfisvernd og kærleika og umhyggju gagnvart nágrönnum sínum.

Hanna Guðrún hefur verið formaður húsfélagsins í Kóngsbakka um nokkurra ára skeið en þar hefur hún staðið fyrir fræðslustarfi um flokkun sorps sem hefur haft þau áhrif að sorptunnum hefur verið fækkað um tvær í hverjum stigagangi með tilheyrandi lækkun sorphirðugjalda fyrir íbúana. Hanna Guðrún opnaði Elliðaárnar ásamt Degi B. Eggertssyni borgarstjóra á dögunum en sú hefð sem Jón Gnarr kom á hefur myndast að Reykvíkingur ársins opni árnar. Nokkuð sem borgarstjóri gerði jafna sjálfur áður. „Hanna Guðrún er ótrúleg manneskja og hefur verið frábær fyrirmynd fyrir okkur í Kóngsbakkanum“, segir nágranni hennar. „Það þyrfti að vera ein svona kona í hverri blokk í Reykjavík“.

MEGATILBOÐ

Ótrúlega flott úrval af pizzum á frábæru verði

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast. Í tilboðinu 5 fyrir 4 er ódýrasta pizzan frí.

Borgaðu með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að **14 daga vaxtalausan greiðslufrest.**
Skráðu þig á **www.netgiro.is**

Netgíró
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland